

Koma að virkjunum á Indlandi



Katrín Júlíusdóttir

Á fundum Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra með indverskum ráðamönnum í Nýju-Delhí í lok síðustu viku kom fram mikill áhugi á samstarfi við Íslendinga um virkjun jarðhita

og vatnsafls.

Samstarfsnefnd Íslands og Indlands um nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa hélt sinn fyrsta formlega fund.

Reykjavík Geothermal undirritaði samning um samstarf við indverska fyrirtækið Thermax um byggingu jarðhitavirkjunar á Indlandi og Landsvirkjun Power og verkfræðistofan Verkís skrifuðu undir ráðgjafarsamning um byggingu og rekstur vatnsaflsvirkjana í Himalajafjöllum, segir í frétt frá iðnaðarráðuneytinu.

